

Umhverfis- og skipulagssvið  
Borgarbyggð  
Borgarbraut 14  
300 Borgarnes

Reykjavík 18. ágúst 2017  
UST201707-144/P.B.S.  
10.04.03

### **Efni: Deiliskipulag - Flatarhverfi á Hvanneyri**

Vísað er til bréfs umhverfis- og skipulagssviðs Borgarbyggðar er barst 12. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna nýs deiliskipulags í Flatarhverfi á Hvanneyri.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir íbúasvæði og leikskóla. Íbúasvæðið er ætlað fyrir einbýlishús, fjölbýlishús og rað- og parhús.

#### **Skipulagssvæðið**

Í greinargerð kemur fram að svæðið liggar þar sem áður var ræktað land (tún) og afmarkast af klettabeltum í suðri og vestri, skólasvæði Landbúnaðarháskóla Íslands (LBHÍ) í norðri og Hvanneyrarbraut í austri.

#### **Andakíll**

Hvanneyrarjörðin var friðlýst sem búsvæði fugla árið 2002. Markmið friðlýsingarinnar er að stuðla að varðveislu og viðhaldi náttúrulegs ástands fjölbreytts votlendis og búsvæði fjölmargra fuglategunda. Hvanneyrarland er einn af mikilvægustu viðkomustöðum blesgæsa hér á landi. Árið 2011 var friðlýsta svæðið stækkað, þá var öll Hvanneyrarjörðin friðlýst sem búsvæði blesgæsar, ásamt bújörðum í kring. Árið 2013 var svæðið skráð á lista Ramsarsamningsins yfir alþjóðleg mikilvæg votlendissvæði.

#### **Áhrif deiliskipulagsins á umhverfið**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að gert sé grein fyrir áhrifum deiliskipulagsins á umhverfið í greinargerð í samræmi við 12. gr. skipulagsbla nr. 123/2010 og gr. 5.4. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 þar sem taka skal fram möguleg umhverfisáhrif framkvæmda. Þá er metið líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfarar svo sem á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásýnd, útsýni o.fl. umhverfisþætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til.

## Umsögn

Umhverfisstofnun telur jákvætt að áhersla sé lögð á vistværar samgöngur og aðferðir til að efla þær eins og öruggt net göngu- og hjóleiðastíga og rafmangshleðslustaurar við almenningsstæði og bílastæði fjölbýlishúsa. Eins telur Umhverfisstofnun jákvætt að hluti af skipulagssvæðinu séu opin græn svæði. Umhverfisstofnun tekur undir að taka skuli sérstakt tillit til umhverfis- og náttúruverndar við skipulag og þróun svæðisins.



Pórdís Björt Sigþórsdóttir  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Agnar Bragi Bragason  
Teymisstjóri